

Ed.

104. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 41 27. júní 1921, um breyt. á 1. gr. tollaga, nr. 54 11. júlí 1911.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Minni hluti fjárhagsnefndar telur ekki, eins og nú er ástatt, fært að lögleiða miklar hækkanir á einstökum tollum eða sköttum til rikissjóðs. Telur hann nauðsyn bera til þess að knýja útgjöld rikissjóðs niður eins og frekast er unnt, til þess að greiðsluhalli hverfi, án skatthækkana. Verði á hinn bóginn ómögulegt að komast hjá greiðsluhalla á fjárlögum án skatthækkana, telur hann þá leið færasta, að gefa rikisstjórninni heimild til þess að innheimta sem flesta tekjustofna rikissjóðs með þeim viðauka, sem þarf til þess að komizt verði hjá greiðsluhalla.

Um hækkun þá, sem þetta frumvarp fer fram á, vill minni hlutinn auk þess láta í ljós efa um, að rikissjóði verði hún að miklu liði. Verð á tóbaksvörum er nú þegar spennt svo hátt, að hætt er við, að ný verðhækkun leiði til þess, að úr neyzlunni dragi eða smyglun fari í vöxt.

Alþingi, 16. okt. 1934.

Magnús Jónsson.